

6 Innra eftirlit og vöktun - Sigtún

6.1. Markmið

Samkvæmt starfsleyfum stöðva Samherja fiskeldis er kveðið á um að rekstraraðili skuli hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Markmið þess er að fylgjast með hugsanlegum áhrifum eldisins á nánasta umhverfi stöðvanna.

6.2. Umfang

6.2.1. Sýnatökur fara fram í samræmi við starfsleyfi

6.2.2. Samkvæmt starfsleyfi þarf að halda skrá yfir upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll
- fódurnotkun, fódurnýtingu og fódurgerð
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni
- kvartanir vegna starfseminnar
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað
- teikningar af frárennsli
- niðurstöður vöktunarmælinga,
- losun næringarefna
- lyfjagjöf

6.2.3. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá eldisstöðinni kann að berast.

6.2.4. Stöðin skal háð reglubundnu opinberu eftirliti (MAST, UST)

Fyrirtækið er sjálft ábyrgt fyrir því að framkvæma reglulegar sýnatökur í samræmi við vöktunaráætlun. Við gerð vöktunaráætlunar er stuðst við kröfur í starfsleyfi.

6.2.5. Umsjónarmaður stöðvarinnar skal halda skrá yfir helstu atriði sem varða rekstur hreinsibúnaðar svo sem: stöðvanir í rekstri búnaðar vegna hreinsunar eða annarra ástæðna.

6.2.6. Rekstraraðili skal fylgjast með ástandi eldisbúnaðar og tryggja að hann sé endurnýjaður eftir þörfum.

6.2.6. Rektraraðili skal taka saman ársyfirlit yfir framleiðslu og starfssemi hverrar stöðvar og senda til eftirlitsaðila fyrir 1.maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga (skv kröfum starfsleyfis hverrar stöðvar).

6.3. Ábyrgð og framkvæmdavald

Stöðvarstjóri ber ábyrgð á að starfsreglum sé fylgt.

6.4. Verklagsreglur / útfærsla

1. Framleiðslumagn, afföll, fódurnotkun og fódurgerð er skráð í Fish Talk
2. Skrá þarf magn og gerð hreinsiefna, sóttahreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu (halda grænt bókhald).
3. Skrá þarf eftirlit með eldisbúnaði.

6.5. Skráning eftirlits

- Skráningarblað fyrir eftirlit með eldisbúnaði.

6.6. Vöktunaráætlun

Gerð skal vöktunaráætlun í samræmi við gæðakerfi fyrirtækisins og kröfur starfsleyfis

Vöktunaráætlun Samherji fiskeldi ehf.						
Sigtún						
Hvað	Hvenær	Hvernig	Hver ábyrgur	Viðmiðunarmörk	Viðbrögð við frávikum	Hvar niðurstöður og viðbrögð við frávikum eru skráð
Súrefni í kerjum	daglega	með súrefnismæli	stöðvarstjóri	lágmark 70% í frárennsli	aukin dæling súrefnis í kerin	dagbók
Hiti í kerjum	daglega	með hitamæli	stöðvarstjóri	5 - 10 gráður C	Leitað skýringa - lafæra með blöndun og breytingum á rennsli	dagbók
Sýrustig í kerjum	1 * í mánuði	með pH mæli	stöðvarstjóri	min - pH 6	Létt á lífmassa í kerjum - aukið rennsli	dagbók
Fóðurleifar í læk við útrás	daglega	skoðað	stöðvarstjóri	mega ekki vera uppsafnaðar fóðurleifar	minnkuð fóðrun	dagbók

Skráningarblað fyrir eftirlit með eldisbúnaði

Dags : _____

Nafn : _____

Staðsetning : _____

Atriði sem voru yfirfarin: _____

Athugasemdir: _____

Næsta skoðun: _____